Bæjarstjórn Garðabæjar 17. (987)/2026

Boðað er til 17. (987). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 19. nóvember 2026 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2611005F - Fundargerð bæjarráðs frá 10/11 ´26.

2. 2611021F - Fundargerð bæjarráðs frá 17/11 ´26.

   2604413 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Hraunsholts eystra varðandi stíg um Hraunhóla og Lynghóla.

   2611107 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Bæjargarðs vegna stofnstígs.

   2609643 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breyttum lóðarmörkum lóðarinnar Spítalavegur 15.

   1803108 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi Norðurness á Álftaness.

3. 2611019F - Fundargerð íþrótta- og tómstundaráðs frá 11/11 ´26.

4. 2611007F - Fundargerð leikskólanefndar frá 11/11 ´26.

5. 2611012F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 10/11 ´26.

6. 2611010F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 11/11 ´26.

7. 2610040F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 4/11 ´26

8. 2611011F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 11/11 ´26.

9. 2611014F - Fundargerð öldungaráðs frá 12/11 ´26.

10. 2601375 - Fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 2/11 ´26.

11. 2602305 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsv. frá 28/10 ´26.

12. 2601508 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 16/10 ´26.

13. 2601544 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 5/11 ´26.

14. 2609083 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2027 (2027-2030). Álagning útsvarsprósentu fyrir árið 2027.

Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
16. (986). fundur 2026

Fimmtudaginn 5. nóvember 2026 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Anna Ragnheiður Möller forseti bæjarstjórnar, Almar Guðmundsson bæjarfulltrúi, Björg Fenger bæjarfulltrúi, Ýmir Örn Finnbogason varabæjarfulltrúi, Hrannar Bragi Eyjólfsson bæjarfulltrúi, Stella Stefánsdóttir bæjarfulltrúi, Birkir Guðlaugsson bæjarfulltrúi, Jón Þór Eggertsson bæjarfulltrúi, Kjartan Atli Kjartansson bæjarfulltrúi, Þorbjörg Þorvaldsdóttir bæjarfulltrúi og Hlynur Elías Bæringsson bæjarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vef bæjarins. Anna Ragnheiður Möller, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði. Fundargerð bæjarstjórnar frá 15. október 2026 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2610027F - Fundargerð bæjarráðs frá 20/10 ´26.

Fundargerðin sem er 16. tl. er samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla mála.

2507256 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2026 (2026 - 2029) - Viðauki nr. 1

Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi viðauka nr. 1 við fjárhagsáætlun 2026 samkvæmt 2.mgr. 63.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Viðauki 1:

Fræðslumál.
Samtals er lagður til kr. 365.000.000 kostnaðarauki á fræðslusviði sbr. neðangreinda sundurliðun: Sjálfstætt starfandi leikskólar, kr. 162.000.000. Bæjarreknir leikskólar, kr. 203.000.000. Samtals kr. 365.000.000

Bruna og almannavarnir - sjóvarnargarðar.
Samtals er lagður til kr. 10.000.000 kostnaðarauki vegna endurbóta á sjóvarnargörðum á Álftanesi: 07440-4520 Sjóvarnargarðar kr. 10.000.000. Samtals kr. 10.000.000.

Garðahús félagsíbúðir.
Samtals er lagður til kr. 8.000.000 kostnaðarauki vegna félagslegra íbúða og nauðsynlegs viðhalds. 57110-4502 Viðhald íbúða kr. 8.000.0000. Samtals kr. 8.000.000.
Kostnaðarauki samtals 383.000.000
Fjármögnun 21870-7179
Varasjóður -200.000.000 00010-0021
Útsvar -84.000.000
Lækkun á rekstrarafgangi -99.000.000
Samtals -383.000.000

Skipting lántöku frá júní 2026 milli A og B hluta. Lagt er til að lán sem tekið var með

skuldabréfaútboði í júní 2026, að fjárhæð kr. 1.068.000.000, skiptist þannig á milli A og B hluta: 53,2% á A-hluta, eða kr. 569.000.000. 46,8% á B-hluta, eða kr. 500.000.000.

2. 2610035F - Fundargerð bæjarráðs frá 27/10 '26.

Fundargerðin sem er 4.tl. er samþykkt samhljóða.

3. 2610039F - Fundargerð bæjarráðs frá 3/11 '26.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 2.tl. afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Norðurness á Álftanesi og lagði fram eftirfarandi bókun:
"Bæjarfulltrúi Garðabæjarlistans situr hjá við þessa afgreiðslu. Við teljum tillöguna innihalda þætti sem ganga illa upp saman og erum ósannfærð um að skipulagið sé til bóta fyrir Álftanes og Álftnesinga, en erum því ekki mótfallin að tillagan verði auglýst.
Reiðstígur sem liggur þétt við golfvöll, sem er byggður á varpsvæði fugla, sem verður skorinn í sundur af vegi sem umferð mun þyngjast um vegna íbúabyggðar, sem á að rísa á landi sem þarf að hækka verulega vegna flóðahættu, veislusalur í nánd við þessa nýju byggð sem rís langt frá skólum, íþróttasvæði og félagsstarfi eldra fólks.
Með tillögunni er gerð tilraun til þess að gera öllum hagaðilum til geðs, fyrir utan þá íbúa sem búa á svæðinu nú þegar, en við teljum að lokaútkoman verði sú að enginn verði fyllilega ánægður. Svæðið verður þannig hvorki frábært til búsetu, golfs, hestamennsku, veitingareksturs né fyrir náttúrunnendur. Við hvetjum íbúa á svæðinu og áhugafólk um skipulag á Álftanesi til þess að senda inn ábendingar og athugasemdir."

Björg Fenger ræddi 2.tl. afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Norðurness á Álftanesi, 4.tl. afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi uppbyggingu útivistarstígs í Flatahrauni innan fólkvangsins Urriðakotshrauns - Framkvæmdaleyfi og 8.tl. opnun tilboða í byggingarrétt lóða í Hnoðraholti suður - háholt.

Stella Stefánsdóttir ræddi 8.tl. opnun tilboða í byggingarrétt lóða í Hnoðraholti suður - háholt.

Kjartan Atli Kjartansson ræddi 4.tl. afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi uppbyggingu útivistarstígs í Flatahrauni innan fólkvangsins Urriðakotshrauns - Framkvæmdaleyfi og 2.tl. afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Norðurness á Álftanesi.

Almar Guðmundsson ræddi 2.tl. afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Norðurness á Álftanesi og 8.tl. opnun tilboða í byggingarrétt lóða í Hnoðraholti suður - háholt.

Jón Þór Eggertsson ræddi 4.tl. afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi uppbyggingu útivistarstígs í Flatahrauni innan fólkvangsins Urriðakotshrauns - Framkvæmdaleyfi.

Björg Fenger tók til máls að nýju og ræddi 2.tl. afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Norðurness á Álftanesi.

Fundargerðin sem er 8.tl. er samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla mála.

1903374 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Norðurness á Álftanesi.

Bæjarstjórn samþykkir með átta atkvæðum (AG, BF, MB, HBE, SS, BG, JÞE, ARM - HEB, KAK, ÞÞ sitja hjá) afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 29. október 2026 varðandi tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Norðurness á Álftanesi og mótuð hefur verið með hliðsjón af þeim ábendingum og umsögnum sem borist hafa í forkynningu tillögunnar sem fór fram í byrjun árs. Tillagan hlaut forkynningu samhliða tillögu að deiliskipulagi Norðurness sem nær til sama svæðis. Aðalskipulagsráðgjafi er Árni Ólafsson arkitekt hjá Teikna-Teiknistofu arkitekta. Tillagan er sett fram á einu blaði í A2 broti og á honum eru breytingaruppdrættir, greinargerð og umhverfismat. Sú breyting hefur verið gerð frá forkynntri tillögu að landnotkunarreitur við Eyvindarholt, 1.11 Vþ minnkar úr 1,3 ha í 0,3 ha þar sem ekki er lengur gert ráð fyrir golfskála norðaustan Eyvindarholts né stækkunarmöguleika á gistihúsi á Eyvindarholti 1 yfir á land Eyvindarholts 2. Golfskáli verður inni á Íþ 1.07 og lega hans skilgreind í deiliskipulagi. Helstu breytingar tillögunnar frá gildandi aðalskipulagi eru eftirfarandi: - Útivistarstígur og reiðstígur norðan Bessastaða við suðurbakka Bessastaðatjarnar breyta um legu og tengingar. - Íþróttasvæði 1.07 Íþ(golfvöllur) stækkar, breytir um lögun og við það bætast nýir reitir austan Eyvindarholts og austan Kasthúsatjarnar. - Íþróttasvæði 1.02 Íþ (hesthúsabyggð) á Eyri er fellt út. - Íbúðarbyggð 1.05, 1.06 Íb og 1.10 Íb stækka og breyta lögun. - Íbúðarbyggð bætist við vestan Blikastígs, 1.36 Íb - Íbúðarbyggð verður felld út umhverfis Eyvindarholt og Breiðabólstaði og Grund. - Svæði fyrir verslun og þjónustu verður umhverfis Breiðabólstaði og Grund. Ekki verður þó heimilt að reka þar veitingahús. - Svæði fyrir verslun og þjónustu verður umhverfis fyrrverandi útihús austan Breiðabólstaðatjarnar. - Svæði fyrir verslun og þjónustu verður á landi Eyvindarholts 1. - Hverfisvernd við Bessastaðatjörn breytir um lögun, minnkar norðan við tjörnina en stækkar á Eyri. - Hverfisvernd við Kasthúsatjörn stækkar. - Hverfisvernd við Breiðabólstaðatjörn stækkar og nær einnig til Breiðabólstaðatúns. - Svæði fyrir iðnað 1.41 I verður staðsett norðan landnotkunarreit fyrir hafnarsvæði vegna fyrirhugaðrar dælustöðvar fráveitu. - Innan hverfisverndar verða ákvæði um gerð sjóvarnargarða og fráveitulagnar sem og gerð nýrra tjarna og hólma til eflingar fuglalífs. - Umfjöllun í kafla 3.3.3 í greinargerð aðalskipulagsins um skilgreind byggingarsvæði og íbúðafjölda breytist og gerir ráð fyrir hámarksfjölda íbúða á Álftanesi allt að 1.400 í stað 1.100. Skipulagsnefnd vísði tillögu aðalskiplagsbreytingar til auglýsingar í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skal senda hana til athugunar hjá Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun í samræmi við 3. mgr. 30. gr. sömu laga. Tillagan skal auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi Norðurness.

2606714 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breyttum eignamörkum bæjartorfunnar að Sviðholti í tengslum við merkjalýsingarferli.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 29. október 2026 varðandi tillögu að breyttum eignamörkum bæjartorfunnar að Sviðholti. Tillagan er fram komin í tengslum við merkjalýsingarferli sem unnið er að af landeigendum í samráði við umhverfissvið Garðabæjar. Skipulagsnefnd samþykkti tillöguna í samræmi við 1. mgr. 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2610010 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi uppbyggingu útivistarstígs í Flatahrauni innan fólkvangsins Urriðakotshrauns - Framkvæmdaleyfi.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 29. október 2026 varðandi umsókn um framkvæmdaleyfi til Garðabæjar vegna uppbyggingar nýs útivistarstígs og stofnstígs í gegnum Flatahraun í Urriðakotshrauni og grisjun skógar á því svæði. Framlögð gögn eru í samræmi við Deiliskipulag Urriðavatnsdala sem samþykkt var árið 2023. Málið var kynnt á fundi umhverfisnefndar 14. október 2026.

26102466 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts vestur vegna lóðarinnar við Víkurgötu 29.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 29. október 2026 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Urriðaholts vesturhluta sem nær til lóðarinnar Víkurgata 29. Tillagan gerir ráð fyrir að afmarkaður sé byggingarreitur fyrir inngrafna geymslu norðan við núverandi byggingarreit. Skipulagsnefnd mat tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Urriðaholts vesturhluta í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum Víkurgötu 20, 22 og 27 sem og Keldugötu 15.

2610083 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Miðskóga vegna lóðanna við Hliðsveg 5-7.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 29. október 2026 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Miðskóga sem nær til lóðanna Hliðsvegur 5 (Sólbarð) og Hliðsvegur 7. Lóð númer 7 er óbyggð og hefur nýverið verið afmörkuð með merkjalýsingu. Samkvæmt drögum að deiliskipulagi hefur Höfðabraut verið nefnd Hliðsvegur frá Suðurnesvegi að Hliði og er stuðst við það heiti hér. Endanleg ákvörðum um heiti götunnar verður tekið í deiliskipulagsferli. Heimilt er að reisa einbýlishús á lóðunum með nýtingarhlutfall 0.35, vegghæð 3 m og rishæð 5,7 sem er ein hæð og ris. Skilgreining nýtingarhlutfalls, hæðar og húsgerðar er til samræmis við hús í nágrenninu. Skipulagsnefnd vísaði tillögunni til auglýsingar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Senda skal dreifibréf í aðliggjandi hús við Miðskóga, Hlein, Hof, Gerði og Sólbarð til að vekja athygli á auglýsingunni.

2610056 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vetrarmýrar vegna lóðarinnar við Vetrarbraut 11-13, ásamt bílastæðum á landi.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 29. október 2026 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Vetrarmýrar sem nær til lóðarinnar Vetrarbraut 11-13. Breytingin gerir ráð fyrir því að lóðinni verður skipt upp í tvær lóðir og byggingum er breytt þannig að þær eru áþekkar breytingum á deiliskipulaginu frá 2024. Umfang byggingarreits bílakjallara er stækkað. Spennistöð sem er á lóðinni er færð inn í bygginguna á nr. 13 sem spennistöð í byggingum annarra samkvæmt skipulagsskilmálum. Bílastæði á landi eru möguleg innan lóðar á nr. 13. Byggingarreitur fyrir Vetrarmýri 13 færist fjær Reykjanesbraut. Umfang byggingarreits bílakjallara á lóðinni nr. 15 er breytt. Botnlangagata út úr Vetrarbraut sem þjónar lóðum nr. 1-3, 5, 7 og 9 er breytt þannig að koma megi fyrir bílastæðum þvert á götu (90°). Við það færast gangstéttar inn á lóðir með þeim kröfum sem deiliskipulagið gerir í sambærilegum tilfellum. Skipulagsnefnd vísaði tillögunni til auglýsingar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. 2610020F - Fundargerð leikskólanefndar frá 14/10 '26.

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi 2.tl. lykiltölur í skólamálum, 3.tl. Menntadagur leik- og grunnskóla 2026, 4.tl. Forvarnarvika Garðabæjar 2026 og 5.tl. frumvarp til laga um innritun í leikskóla, 80. mál.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 2610008F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 29/10 '26.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 2610038F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 29/10 '26.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 2610019F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 14/10 '26.

Fundargerðin er lögð fram.

8. 2610022F - Fundargerð velferðarráðs frá 16/10 '26.

Anna Ragnheiður Möller ræddi 1.tl. verkefnaáætlun velferðarráðs 2026-2027.

Fundargerðin er lögð fram.

9. 2602076 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 27/10 '26.

Fundargerðin er lögð fram.

10. 2601544 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 17/9 og 15/10 '26.

Birkir Guðlaugsson ræddi fundargerð 17. september 2026, 1.tl. árshlutauppgjör janúar til júní 2026, 2.tl. drög að fjárhagsáætlun, 3.tl. fjármál Strætó, 4.tl. Pant, 5.tl. stefnur Strætó og fundargerð 15. október 2026, 1.tl. langtímaskuldir Strætó, 3.tl. innra eftirlit og 4.tl. fjárhagsáætlun 2027-2028.

Hlynur Bæringsson ræddi fundargerð 15. október 2026, 4.tl. fjárhagsáætlun 2027-2028.

Birkir Guðlaugsson tók til máls að nýju og ræddi fundargerð 15. október 2026, 4.tl. fjárhagsáætlun 2027-2028.

Fundargerðirnar eru lagðar fram.

11. 2601375 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 5/10 og 19/10 '26.

Almar Guðmundsson ræddi fundargerð 5. október 2026, 4.tl. fjárlög 2027 og 5.tl. fyrirkomulag með hollustuháttum o.fl.

Fundargerðirnar eru lagðar fram.

12. 2601279 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 16/9, 28/9 og 2/10 '26.

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi fundargerð 16. september 2026 1.tl. uppfærð drög að fjárhagsáætlun Sorpu fyrir árin 2027-2031 kynnt, 2.tl. gjaldskrárbreytingar, 3.tl. staða ESA-málsins, 4.tl. úrskurður umhverfis-, orku- og loftslagsmálaráðuneytis um málefni Úrvinnslusjóðs og 5.tl. málefni endurvinnslustöðva, skýrsla starfshóps um framtíðarskipan endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu og fundargerð 2. október 2026, 1.tl. lokadrög að fjárhagsáætlun SORPU fyrir árin 2027-2031 kynnt.

Fundargerðirnar eru lagðar fram.

13. 2602330 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 16/10 '26.

Fundargerðin er lögð fram.

14. 2602305 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 20/10 '26.

Fundargerðin er lögð fram.

15. 2609083 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2027 (2027 - 2030) - fyrri umræða

Almar Guðmundsson, bæjarstjóri, fylgdi úr hlaði frumvarpi að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árin 2026-2029. Bæjarstjóri lagði fram drög að greinargerð þar sem helstu markmið og niðurstöður eru raktar nánar. Bæjarstjóri lagði til að frumvarpinu verði vísað til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Hlynur Bæringsson tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:
"Við fyrri umræðu fjárhagsáætlunar Garðabæjar 2027-2030 leggur Framsókn áherslu á þau mál sem við vorum kosin til að vinna að: hækkun hvatapeninga og úrbætur á íþróttamannvirkjum sem miða að því að bæta aðstöðu og stytta biðlista þar sem það á við. Við viljum að öll börn hafi raunhæft tækifæri til að taka þátt í íþrótta- og frístundastarfi, óháð efnahag fjölskyldna, og að aðstaðan mæti þörfum bæjarbúa. Sömuleiðis munum við leggja áherslu á að sérstakt fjármagn verði sett í að greina og móta úrræði fyrir ungmenni sem ekki eru lengur í skipulögðu tómstundastarfi, en brotthvarf úr því verður oft á framhaldsskólaaldri.
Menningarmál eru okkur hugleikin og við munum leita leiða til að styðja við þau í endanlegri áætlun eftir skýrt ákall um það frá íbúum í vor, ekki síst yngra fólkinu.
Milli umræðna munum við leggja þessar áherslur inn í samtalið um fjárhagsáætlunina.
Það er auðvelt að benda á það sem okkur langar til að gera og kostar peninga. Tillögur okkar munu ekki eingöngu snúa að því, heldur einnig að leiðum til tekjuöflunar og hagræðingar í rekstri.
Það er mögulega ekki skemmtilegasta viðfangsefnið en við teljum eitt brýnasta verkefnið að draga úr fjármagnskostnaði bæjarins. Í frumvarpinu er hreinn fjármagnskostnaður A- hluta áætlaður rúmir 1,7 milljarðar árið 2027 og því ástæða til að fara varlega í fjárfestingar og lántökur.
Við hlökkum til málefnalegs samtals milli umræðna."

Kjartan Atli Kjartansson tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:
"Samfylkingin leggur áherslu á eftirfarandi þætti í vinnu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2027.
1. Ábyrg fjármálastjórn og sjálfbærni í rekstri
Samfylkingin vill leggja sitt af mörkum við að greina og meta þær aðhaldsaðgerðir sem nauðsynlegar eru til að bæta rekstrarstöðu sveitarfélagsins. Sjálfbær rekstur er grunnurinn að öflugu sveitarfélagi til framtíðar og forsenda þess að við getum staðið undir góðri þjónustu og uppbyggingu til lengri tíma.
2. Forgangsröðun og grunnþjónusta
Við leggjum áherslu á skýra forgangsröðun þar sem grunnþjónusta bæjarins er höfð að leiðarljósi. Ráðdeild í rekstri þarf að fara saman við að standa vörð um góða þjónustu við íbúa.
3. Fjárfestum í samfélaginu
Þrátt fyrir aðhald í rekstri eigum við áfram að fjárfesta í samfélaginu. Við teljum mikilvægt að skoða af fullri alvöru útfærslu á lengri afgreiðslutíma sundlauganna á sunnudögum og lengri opnunartíma bókasafnsins. Við eigum að hafa opinn hug gagnvart þessum og sambærilegum verkefnum sem eru ekki kostnaðarsöm í stóra samhenginu en geta skapað Garðbæingum fleiri tækifæri til samveru og bætt lífsgæði. Hluti af því að fjárfesta í samfélaginu er einnig að miða almennar gjaldskrárhækkanir við 2,5% árið 2027 og leggja þannig okkar af mörkum til að verja

ráðstöfunartekjur heimilanna.
Samfylkingin mun leggja áherslu á að fjárhagsáætlunin verði unnin áfram með ábyrgum hætti, að forgangsröðun sé skýr og að ákvarðanir um rekstur og fjárfestingar byggi á raunhæfum forsendum og langtímahagsmunum Garðabæjar."

Þorbjörg Þorvaldsdóttir tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:
"Garðabæjarlistinn mun á milli umræðna í bæjarstjórn leggja áherslu á að bókasöfn bæjarins og sundlaugar verði varin fyrir aðhaldskröfum í fjárhagsáætlun ársins 2027 og að þjónusta þeirra verði efld, enda eru það stofnanir sem gagnast öllum íbúum jafnt. Í sítengdum nútíma þar sem samvera við annað fólk er á undanhaldi teljum við skipta höfuðmáli að svokölluð þriðju rými séu sett í forgang, með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á samfélagið allt. Einnig mun listinn fylgja eftir tillögu um hækkun hvatapeninga og undirbúning systkinaafsláttar sem fyrr á árinu var vísað inn í vinnu við gerð fjárhagsáætlunar."

Björg Fenger tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:
"Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja áherslu á að frumvarp að fjárhagsáætlun Garðabæjar 2027-2030, sem nú er lagt fram til fyrri umræðu, er ekki endanlegt. Núverandi efnahagsaðstæður kalla á að gætt sé sérstaks aðhalds í rekstrinum. Við áframhaldandi vinnu við fjárhagsáætlunina verður því, líkt og hingað til, lögð rík áhersla á ábyrga fjármálastjórn og traustan rekstur sveitarfélagsins.
Skýrt markmið þeirrar vinnu er að bæta rekstrarniðurstöðu A-hluta frá því sem nú liggur fyrir og snúa neikvæðri niðurstöðu við fyrir seinni umræðu. Þær breytingar og aðgerðir sem unnið verður að á milli umræðna munu því endurspeglast í frumvarpi að fjárhagsáætlun sem lagt verður fram til seinni umræðu."

Samkvæmt frumvarpinu eru niðurstöður A og B hluta þessar (í þúsundum króna):

2027 2028 2029 2030
Tekjur: 35.925.201 37.802.808 39.514.089 41.078.256

Gjöld: 31.425.986 33.062.682 34.463.773 35.961.469

Rnst. f. afskr. 4.499.215 4.740.127 5.050.315 5.116.787

Rnst. án fmst/gj 2.193.039 2.322.953 2.504.367 2.466.770

Afskriftir 2.306.175 2.417.174 2.545.948 2.650.017

Fmt/gj 2.017.459 1.870.350 1.756.135 1.416.358

Rekstrarniðurstaða 175.850 452.603 748.233 1.050.413

Framkvæmdir 3.984.000 3.884.000 3.969.000 3.524.000

Bæjarstjórn samþykkir að vísa frumvarpi að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árin 2027-2030 til síðari umræðu í bæjarstjórn og frekari vinnslu í bæjarráði.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar fimmtudaginn 5. nóvember 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Anna Ragnheiður Möller, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Ýmir Örn Finnbogason, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Stella Stefánsdóttir, (sign)
Birkir Guðlaugsson, (sign)
Jón Þór Eggertsson, (sign)
Kjartan Atli Kjartansson, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Hlynur Elías Bæringsson, (sign)

Fundargerð bæjarstjórnar Garðabæjar 5. nóvember 2026 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.



Bæjarráð Garðabæjar
39. (2334). fundur 2026

Þriðjudaginn 10. nóvember 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Margrét Bjarnadóttir aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Kjartan Atli Kjartansson áheyrnarfulltrúi, Hlynur Elías Bæringsson áheyrnarfulltrúi, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2611036 - Upplýsingabæklingur Almannavarna - Verum viðbúin. Kynning.**

   Á fund bæjarráðs mætti Hulda Hauksdóttir, deildarstjóri þjónustu og stafrænnar þróunar og kynnti átakið "Verum viðbúin" sem ætlað er að efla viðbúnað almennings og styrkja seiglu samfélagsins.

2. **2304477 - Tilboð í byggingarrétt lóða á Hnoðraholti.**

   Lagður fram listi yfir framkomin tilboð í byggingarétti í Hnoðraholti suður - háholti.
   Fyrir liggur að hæstbjóðendum hefur verið send tilkynning um að boði þeirra hafi verið tekið.
   Nánar tiltekið sundurliðast tilboðin sem hér segir:

   Byggingarréttur einbýlishúsa:
   Sólholt 17 - alls 7 tilboð.
   Sólholt 19 - alls 7 tilboð.
   Sólholt 21 - alls 7 tilboð.
   Sólholt 23 - alls 8 tilboð.
   Sólholt 24 - alls 5 tilboð.
   Sólholt 25 - alls 15 tilboð.
   Sólholt 26 - alls 10 tilboð.
   Sólholt 28 - alls 10 tilboð.
   Sólholt 30 - alls 12 tilboð.
   Sólholt 32 - alls 18 tilboð.
   Sólholt 34 - alls 17 tilboð.
   Selholt 1 - alls 30 tilboð.
   Selholt 10 - alls 9 tilboð.
   Selholt 2 - alls 18 tilboð.
   Selholt 3 - alls 28 tilboð.
   Selholt 4 - alls 14 tilboð.
   Selholt 5 - alls 22 tilboð.
   Selholt 6 - alls 15 tilboð.
   Selholt 7 - alls 22 tilboð.
   Selholt 8 - alls 12 tilboð.

Selholt 9 - alls 24 tilboð.
Selholt 11 - alls 30 tilboð.
Selholt 12 - alls 12 tilboð.
Selholt 14 - alls 11 tilboð.
Selholt 16 - alls 9 tilboð.
Selholt 18 - alls 22 tilboð.

Alls bárust þannig 394 tilboð í byggingarrétti einbýlishúsa.

Tilboð í raðhúsalóðir:
Haustbraut 1-9 alls 17 tilboð.
Haustbraut 11-21 - alls 13 tilboð.
Haustbraut 23-33 - alls 15 tilboð.
Haustbraut 35-46 - alls 12 tilboð.

Alls bárust þannig 57 tilboð í byggingarrétti raðhúsa.

Tilboð í raðhúsalóðir byggingarsamvinnufélaga:
Sólholt 2-8 - alls 2 gild tilboð.
Sólholt 3-7 - alls 2 gild tilboð.
Sólholt 10-16 - alls 2 gild tilboð.
Sólholt 9-15 alls 2 gild tilboð.
Sólholt 18-22 alls 2 gild tilboð.

Alls bárust 3 tilboð í byggingarétti raðhúsalóða fyrir byggingarsamvinnufélög. Ógild tilboð í byggingarrétti raðhúsalóða byggingarsamvinnufélaga voru samtals 8 í framangreindar raðhúsalengjur. Bjóðendur einkahlutafélög sem uppfylla ekki söluskilmála.

Bæjarráð felur sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs frekari úrvinnslu tilboðanna og að bjóða þeim sem buðu í byggingarlóðir sem til sölu voru, lóðirnar til kaups í samræmi við fyrirliggjandi tilboð, ef þeir sem hærra hafa boðið fullnægja ekki skilyrðum söluskilmála.

3. 2610018 - Opnun tilboða í verkið - Þjónusta og viðhald gatnalýsingar í Garðabæ 2027-2030.

Eftirfarandi tilboð samkvæmt tilboðsskrá bárust í útboðsverkið: "Þjónusta og viðhald gatnalýsingar 2027-2030":

1. Rafvirki og Pípari Fyrir Þig ehf., kr. 103.311.040 (85,75%).
2. Nortek ehf., kr. 94.970.000 (78,83%).
3. Ljósvistar ehf., kr. 85.734.330 (71,16%).
4. Tengill ehf., kr. 116.250.200 (96,49%).
5. Bergraf ehf., kr. 99.223.950 (82,36%).
6. Rafal ehf., kr. 80.417.790 (66,75%).

Kostnaðaráætlun verkkaupa kr. 120.475.000. Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Rafal ehf., kr. 80.417.790 (66,75%).

Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

4. **2611083 - Tilkynning frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála um stjórnsýslukæru UUA2611002 - Byggingarleyfi Hólmatún 57, dags. 03.11.26.**

Lögð fram kæra íbúa Hólmatúns 56 til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna útgáfu byggingarleyfis og stækkunar einbýlishússins við Hólmatún 57.

Bæjarráð felur Juris lögmannsstofu að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.

5. **2611119 - Tilkynning frá Kærunefnd útboðsmála varðandi kæru ÞG Verk ehf. á forvali vegna Hjúkrunarheimilis í Vetrarmýri, dags. 06.11.26.**

Lögð fram kæra ÞG verktaka ehf. til Kærunefndar útboðsmála, vegna forvalsumsóknar kæranda í verkefninu "Hjúkrunarheimili í Vetrarmýri, uppbygging og útleiga" dags. 6. nóvember 2026.

Bæjarráð felur Juris lögmannsstofu að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.

6. **2609514 - Framlenging samnings um samræmda móttöku flóttafólks.**

Guðrún Jónsdóttir, verkefnastjóri samræmdrar móttöku flóttafólks, mætti á fund bæjarráðs og kynnti minnisblað velferðarsviðs vegna framlengingar samnings um samræmda móttöku flóttafólks.

Bæjarráð samþykkir tillögu þá sem kemur fram í minnisblaðinu, um að gerður verði viðauki við samning um samræmda móttöku flóttafólks, sem miði að því að Garðabæ veiti allt að 70 notendum í senn þjónustu til ársloka 2027. Bæjarráð vísar málinu til afgreiðslu hjá velferðarsviði og til kynningar í velferðarráði.

7. **2611076 - Bókun frá 636. fundi stjórnar SSH - Fjárhagsáætlun Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, dags. 04.11.26.**

Bæjarráð vísar málinu til afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2027.

8. **2611019 - Bréf Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands varðandi ágóðahlutagreiðslu 2026, dags. 28.10.26.**

Lagt fram bréf Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands. Í bréfinu kemur fram það mat stjórnar EBÍ að rétt sé að gera hlé á útgreiðslu og verður ágóðahlutur því ekki greiddur að þessu sinni.

9. **26102680 - Beiðni Golfklúbbs GKG um stuðning við framkvæmd Íslandsmótsins í höggleik 2027, dags. 26.10.26.**

Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við bréfritara um nánari útfærslu málsins.

10. **2611056 - Bréf Lionsklúbbs Álftaness varðandi húsnæði fyrir skötuveislu á Þorláksmessu, dags. 03.11.26.**

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til afgreiðslu bæjarstjóra.

Fleira ekki gert.,

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 10. nóvember 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)
Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Stella Stefánsdóttir, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Kjartan Atli Kjartansson, (sign)
Hlynur Elías Bæringsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
40. (2335). fundur 2026

Þriðjudaginn 17. nóvember 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Margrét Bjarnadóttir aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Vilborg Anna S. Garðarsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Hlynur Elías Bæringsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2609083 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2027 (2027 - 2030)**

   Lögð fram eftirfarandi tillaga um álagningu útsvars:

   "Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að álagningarhlutfall útsvars verði 14,71% á tekjur manna á árinu 2027 samkvæmt heimild í 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, sbr. 24.gr. laganna.
   Samþykkt bæjarstjórnar skal tilkynnt fjármála- og efnahagsráðuneytinu fyrir 15. desember 2026, samkvæmt 2.mgr. 24.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995."

   Bæjarráð vísar tillögunni til afgreiðslu bæjarstjórnar.

   Lagt fram yfirlit yfir mál sem vísað hefur verið til skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

   Lögð fram drög að framkvæmdaáætlun.

   Lögð fram drög að álagningu fasteignagjalda.

   Farið yfir helstu atriði og dagsetningar varðandi vinnu við fjárhagsáætlun fram að seinni umræðu í bæjarstjórn.

2. **2507256 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2026 (2026 - 2029) - Lántaka**

   Á fund bæjarráðs kom Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri og gerði grein fyrir tillögu um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Samþykkt er að Garðabær taki nú 550.000.000 kr. skammtímalánlán, með gjalddaga 11. febrúar 2027.

   Framangreint skammtímalán kemur í stað töku langtímaláns og rúmast innan heimilda áætlunar.

3. **2507256 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2026 (2026 - 2029) - Úthlutun styrkja.**

   Bæjarráð samþykkir eftirfarandi tillögu um úthlutun styrkja:

Garðálfar, kór eldri borgara á Álftanesi, kr. 450.000.

Norræna félagið í Garðabæ, kr. 200.000.

4. 2611260 - Kvenfélag Álftaness 100 ára 2026. Afmælisgjöf

Í tilefni að 100 ára afmæli Kvenfélags Álftaness á árinu 2026, samþykkir bæjarráð tillögu bæjarstjóra að færa Kvenfélagi Álftaness uppfærslu á kvenfélagsgarði á Álftanesi í afmælisgjöf. Reiturinn er staðsettur við lóð sunnan sundlaugarinnar.

Bæjarráð samþykkir að fela garðyrkjudeild að gera reitinn fallegri og aðgengilegri í samvinnu við Kvenfélagið.

5. 2606363 - Garðprýði 6 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Sveinbirni Jónssyni, kt. 261254-7949, leyfi til að byggja einbýlishús á einni hæð að Garðprýði 6.

6. 2610187 - Vorbraut 16 - Umsókn um stöðuleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Karli Raymond Birgissyni, kt. 090385-2329 stöðuleyfi fyrir vinnuskúr á lóð Garðabæjar við Vorbraut 16 og nýta sem geymslusvæði á meðan verið er að klára lóðafrágang. Stöðuleyfið er veitt til sex mánaða.

7. 2510437 - Háhæð 10 - Umsókn um byggingarheimild.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Bjargey Ingólfsdóttur, kt. 050259-4559, leyfi fyrir breytingum á áður samþykktum aðaluppdráttum, innri breytingum og uppfærðri skráningartöflu að Háhæð 10.

8. 26102500 - Fjarskiptamastur . Suðurnesv. - Höfðabraut - Umsókn um byggingarheimild.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Íslandsturnum Sendastöðum hf., kt. 430321-1450, leyfi fyrir uppsetningu á mastri fyrir fjarskiptabúnað farsímafélaga og tengiskápum við Suðurnesveg - Höfðabraut.

9. 2609522 - Pikkolo - Hafnarfjarðarvegur Olís - Umsókn um stöðuleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa og skipulagsstjóra að veita Pikkoló ehf., kt. 441220-0810, stöðuleyfi fyrir snjalldreifistöð Pikkoló á lóð við Olís, Hafnarfjarðarvegi.

10. 2604413 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Hraunsholts eystra varðandi stíg um Hraunhóla og Lynghóla.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 11. nóvember 2026 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Hraunsholts eystra sem gerir ráð fyrir því að stígur sem liggur um Lynghóla úr vestri að húsi nr. 13 og þar yfir í Hraunhóla til austurs verði felldur niður sem stofnstígur og verði almennur stígur. Er það gert til samræmis við gildandi aðalskipulag og tillögu að breytingu aðalskipulags sem nær til stígakerfis.
Skipulagsnefnd vísaði breytingartillögunni til auglýsingar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

11. 2611107 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Bæjargarðs vegna stofnstígs.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 11. nóvember 2026 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Bæjargarðs Garðabæjar sem gerir ráð fyrir stofnstíg frá stofnstíg þeim sem liggur úr Molduhrauni að Garðfit til vesturs að fyrirhugaðri framlengingu Álftanesvegar við bæjarmörk að Hafnarfirði (hjá Fjarðarkaupum). Er það gert til samræmis við gildandi aðalskipulag og tillögu að breytingu aðalskipulags sem nær til stígakerfis.
Skipulagsnefnd vísaði breytingartillögunni til auglýsingar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

12. 2609643 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breyttum lóðarmörkum lóðarinnar Spítalavegur 15.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 11. nóvember 2026 varðandi tillögu að breyttum lóðarmörkum lóðarinnar Spítalavegur 15 að Vífilsstöðum sem er sett fram á mæliblaði. Á þeirri lóð stendur tvílyft hús, byggt 1972. Vegna hönnunar Vífilsstaðavegar sem nú verður endurnýjaður er nauðsynlegt að skerða lóðina á tveimur stöðum sem nemur 313,5 m2 annars vegar í norðausturhorni og 78,6 m2 hins vegar í norðvesturhorni.
Deiliskipulag er ekki í gildi á Vífilsstöðum en breytingartillagan er í samræmi við rammahluta Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Vífilsstaðalands.
Skipulagsnefnd samþykkti breytt lóðarmörk í samræmi við 1. mgr. 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

13. 1803108 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi Norðurness á Álftaness.

Bæjarráð samþykkir með 4 atkvæðum (BF, MB, HBE, SS - ÞÞ sat hjá) að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 11. nóvember 2026 varðandi tillögu að deiliskipulagi Norðurness á Álftanesi sem mótuð hefur verið með hliðsjón af þeim ábendingum og umsögnum sem borist hafa í forkynningu tillögunnar sem fór fram í byrjun árs. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mælikvarða 1:3000, skýringaruppdrætti í 1:3000 og greinargerð í A4 broti.
Greinargerð samanstendur af 5 köflum; Forsendur, Deiliskipulag, Almennir skilmálar, Sérákvæði nýbygginga og Umhverfismat.
Skipulagsráðgjafar tillögunnar eru Arkís arkitektar (Edda Kristín Einarsdóttir) og Landslagsarkitektastofan Landslag (Þráinn Hauksson). Til ráðgjafar eru Efla ehf (Elín Ríta Sveinbjörnsdóttir) vegna umferðarmála og Verkís verkfræðistofa vegna náttúrfarsþátta (Arnór Þórir Sigfússon).

Tillagan hlaut forkynningu samhliða tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til sama svæðis. Breytingartillögu aðalskipulags hefur nú verið vísað til auglýsingar í bæjarstjórn og hefur borist HMS til athugunar.

Tillagan nær til Breiðabólstaðasvæðis, Eyrar, Kasthúsatjarnar og svæðisins umhverfis Eyvindarholt, Stekk, Asparvík og Tjörn, allt að landamörkum við Bessastaði og Akurgerði. Innan deiliskipulagsvæðis er nyrðri helmingur Bessastaðatjarnar, Kasthúsatjörn og Breiðabólstaðatjörn.

Skipulagssvæðið er um 124 hektarar að flatarmáli. Stærstur hluti þess er í einkaeigu.

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar frá forkynntri tillögu og eru þær helstar:
- Íbúðareiningum hefur verið fækkað að lágmarki um 20

- Rað- og parhús verða á einni hæð í stað tveggja og grunnflötur þeirra stækkar.
- Heimilt er byggja einbýli á parhúsalóðum sem snúa að Bessastaðatjörn.
- Hámarks mænishæð einbýlishúsa lækkar.
- Parhús vestan Blikastígs verða einnar hæðar án rishæðar. Þök skulu vera lögð torfi.
- Parhús á suðurjaðri svæðis verða 1 hæð í stað tveggja.
- Aðkomu að parhúsagötu vestan Blikastígs breytt og nú gert ráð fyrir hringtorgi.
- Fyrirkomulagi bílastæða við Hlöðuna breytt til aðlögunar að því sem til staðar er.
- Staðsetning golfskála breytist, verður austan gatnamóta Norðurnesvegar og Jörfavegar í stað staðsetningar norðaustan Eyvindarholts.
- Ekki er lengur gert ráð fyrir stækkunarmöguleika gistihúss á Eyvindarholti 1 til suðurs inn á land Eyvindarholts 2.

Framlögð tillaga gerir ráð fyrir eftirfarandi:
- Íbúðarbyggð verður á Breiðabólstaðasvæði sem gerir alls ráð fyrir að hámarki 137 íbúðareiningum í sérbýli. (54 einbýlishúseiningar, 51 raðhúseining og 32 parhúseiningar). Á Norðurnesi og við Bessataðatjörn eru alls 38 einbýlishús fyrir og verður samanlagður fjöldi því að hámarki 175 húseiningar.
- Golfvöllur verður norðan og vestan Bessastaðatjarnar og vestan Jörfavegar. Gert verður ráð fyrir 9 holu velli og æfingasvæði en golfvöllurinn verður hannaður í kjölfar staðfestingar deiliskipulags innan þess svæðis sem skilgreint er sem golfvallarsvæði í deiliskipulaginu.
- Lóðir fyrir tvö einnar hæðar einbýlishús bætast við hjá Asparvík og Tjörn.
- Lóð fyrir hverfisstöð þjónustumiðstöðvar Garðabæjar verður skilgreind þar sem áhaldahús er fyrir.
- Gert er ráð fyrir landfyllingum og sjóvörnum norðan Blikastígs til að verja núverandi byggð fyrir ágangi sjávar og auka rými vegna útivistarstíga og reiðstíga sem gert er ráð fyrir að verði á milli íbúðarhúsabyggðar og sjóvarnargarðs.
- Gert er ráð fyrir stígakerfi með stofnstígum, útivistarstígum og reiðstígum.
- Gert er ráð fyrir lítilli aðstöðuhöfn nyrst og austast á Eyri ásamt dælustöð vegna fyrirhugaðrar Skerjafjarðarfráveitu.
- Gert er ráð fyrir manngerðum hólmum í Bessastaðatjörn undan tjarnarbakka að norðanverðu til stuðnings fuglalífi.
- Gert er ráð fyrir að mynda tjarnir nyrst á Eyri til stuðnings fuglalífi.
- Gert er ráð fyrir leiksvæðum inni í byggð eða við jaðar hennar.
- Gert er ráð fyrir aðalaðkomuvegi að byggð á Norðurnesi um Jörfaveg, sem liggur frá Norðurnesvegi að mestu í legu núverandi vegar.
- Gert er ráð fyrir einum aðkomuvegi að Stekk, Tjörn, Asparvík og Eyvindarholti 1, frá Norðurnesvegi.

Umsögn Vegagerðarinnar, (sem fer með siglinga-og hafnarmál, þ.m.t. varnir gegn sjávarflóðum og landbroti) dags. 12. febrúar 2026 liggur fyrir og þar kemur fram að lágmarksgólfkóti Aðaskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem er 5,2 mys uppfyllir viðmið Vegagerðarinnar sem miðar við 5,15 mys.

Skipulagsnefnd vísaði tillögu deiliskipulags Norðurness til auglýsingar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan skal auglýst samhliða tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til sama svæðis.

14. 2603214 - Hönnun - Útboð. Gatnagerð Hnoðraholt Háholt.

Lögð fram útboðs- og verklýsing vegna útboðs Hnoðraholt suður - háholts. Gatnagerð og lagnir.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi útboðs- og verklýsingu og felur umhverfissviði framkvæmd útboðsins fyrir hönd Garðabæjar.

15. 2611163 - Erindi Brynju leigufélags um stofnframlög vegna kaupa á íbúðum í Garðabæ árið 2027, dags. 10.11.26.

Bæjarráð vísar erindinu til skoðunar hjá bæjarstjóra og vinnu við gerð fjárhagsáætlunar 2027.

16. 2611217 - Erindi Alþingis varðandi þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2027-2041, 313. mál.

Lagt fram.

17. 2611227 - Erindi Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um stefnu og aðgerðaáætlun gegn fátækt barna til ársins 2031, 286. mál.

Lagt fram.

18. 2611152 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tækifærisleyfi til áfengisveitinga í Hlöðunni Álftanesi 13.11.26.

Í umsókninni er farið fram á tímabundið áfengisleyfi fyrir Hlöðuna á Álftanesi vegna kokteilboðs 13. nóvember 2026.

Bæjarráð gerir með 4 atkvæðum (BF,MB,HBE,SS - ÞÞ sat hjá) ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi hafi verið veitt, með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

19. 2611165 - Erindi Lionsklúbbs Álftaness og Kvenfélags Álftaness varðandi afnot af húsnæði fyrir þorrablót Kvenfélags Álftaness og Lionsklúbbs Álftaness 2027, dags. 09.11.26.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til afgreiðslu bæjarstjóra.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 17. nóvember 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)
Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Stella Stefánsdóttir, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Vilborg Anna S. Garðarsdóttir, (sign)
Hlynur Elías Bæringsson, (sign)

Íþrótta- og tómstundaráð Garðabæjar
5. fundur 2026

Miðvikudaginn 11. nóvember 2026 kl. 16:00 kom íþrótta- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í íþróttahúsinu Miðgarði.

Fundinn sátu: Birkir Guðlaugsson formaður, Lára Sif Christiansen aðalmaður, Sigrún Antonsdóttir aðalmaður, Dúi Þór Jónsson aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson aðalmaður og Kári Jónsson íþrótta-,tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþrótta-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2611144 - Miðgarður 3. hæð**

   Fundarmenn fengu kynningu á fyrstu drögum að innra skipulagi á 3. hæðinni í Miðgarði. Síðan var farið í vettvangsferð upp á hæðina til að gera sér betur grein fyrir stærð og skipulagi rýmisins.
   Hönnuðir halda áfram með teikningar og útfærslu með mögulegri áfangskiptingu verksins.
   Niðurstaða í því ætti að liggja fyrir fljótlega ásamt kostnaðaráætlun.

2. **26102743 - Íþróttamaður ársins og íþróttahátíð 2026**

   Farið var yfir fyrirkomulag íþróttahátíðar Garðabæjar fyrir árið 2026 en hún fer fram í Stóra salnum í Ásgarði sunnudaginn 10. janúar kl. 13:00.
   Íþróttafulltrúa var falið að senda út óskir til félaga um tilnefningar til íþróttafólks ársins, árangur á stórmótum, einstaklingum sem kepptu í fyrsta skipti með U-landsliði eða A-landsliði, tilnefningar til þjálfara ársins og ábendingar um sjálfboðaliða ársins.
   ÍTG mun á fundi sínum 10. desember fara yfir tilnefningar til íþróttafólks ársins og velja þau sem til greina munu koma í kjörinu.
   Almenningi verður boðið að taka þátt í vefkosningu yfir hátíðirnar líkt og undanfarin ár.
   Niðurstöður úr því vali verða hafðar til hliðsjónar í endanlegu vali.

3. **2608148 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

   ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Jónínu Karenar Hauksdóttur vegna EM í hópfimleikum í Finnlandi 14.10. 2026.

4. **26102660 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

   ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Arnar Arnarsonar vegna EM í hópfimleikum í Finnlandi 12.-18. október 2027.

5. **26102511 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

   ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Halldóru Írisar Invarsdóttur vegna Triple Crown í Bromborough, Englandi á vegum Keilusambandsins 16.til 20.04.2026

6. **26102485 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Þorbjargar Matthíasdóttur vegna V-Evrópumóts í kraftlyftingum í Lúxemborg 17. til 21. september 2026.

7. **2610155 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Kristínar Li Hjartardóttur vegna EM í hópfimleikum í Espo, Finnlandi 12.október 2026.

8. **26102737 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Karls Þórs Jóhannssonar vegna EM í hópfimleikum í Finnlandi 12. október 2026.

9. **26102736 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Emilíu Drafnar Davíðsdóttur vegna EM í hópfimleikum í Finnlandi 12. til 18. október 2026.

10. **26102734 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Hákons Árna Heiðarssonar vegna EM í hópfimleikum í Finnlandi 12. til 18. október 2026.

11. **26102733 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Ásgeirs Orra Friðjónssonar vegna EM í hópfimleikum í Finnlandi 12. til 18. október 2026.

12. **26102732 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Michal Wojciech Markowski vegna EM í hópfimleikum í Finnlandi 12. til 18. október 2026.

13. **26102731 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Mateusz Marek Markowski vegna EM í hópfimleikum í Finnlandi 12. til 18. október 2026.

14. **26102730 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Indíu Marý Bjarnadóttur vegna EM í hópfimleikum í Finnlandi 12. til 18. október 2026.

15. **26102729 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Emils Freys Guðjónssonar vegna EM í hópfimleikum í Finnlandi 12. til 18. október 2026.

16. **26102728 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Brynjars Sveins A. Björgvinssonar vegna EM í hópfimleikum í Finnlandi 12. til 18. október 2026.

17. **26102707 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Eydísar Evu Hermannsdóttur vegna EM í áhaldafimleikum í Króatíu 10. ágúst 2026.

18. **26102702 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Þórdísar Unnar Bjarkadóttur vegna NM ungmenna í bogfimi í Tampere, Finnlandi 2.-5. júlí 2026

19. **26101277 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Þóris Bjarna Traustasonar vegna HM í Enduro á Ítalíu 14.október 2026.

20. **2609587 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Sögu Áskelsdóttur vegna EM í hópfimleikum í Finnlandi 12. til 18. október 2026.

21. **26103517 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Huldu Kristínar Björnsdóttur vegna U17 NEVZA 2026, Ikast, Danmörk, 11.-15. október 2026.

22. **2611004 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Þórs Þórhallssonar vegna skotíþróttalandsliðs fatlaðra á Denmark Open Air 2026, Vildbjerg, Danmörk 12.til 14. febrúar.

23. **2611002 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Þórs Þórhallssonar vegna skotíþróttalandsliðs fatlaðra á Heimsbikarmót í skotíþróttum fatlaðra Novi Sad, Serbía 16.07.2026.

24. **2611001 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Þórs Þórhallssonar vegna skotíþróttalandsliðs fatlaðra á Heimsmeistaramót í skotíþróttum fatlaðra Changwon, Suður-Kórea 03.09.2026.

25. **2611097 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Sólons Kára Sölvasonar vegna EM í hjólreiðum 29.09. 2026 í Slóveníu.

26. **2611092 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Hildar Lilju Arnarsdóttur vegna EM í hópfimleikum í Finnlandi 12. til 18. okt. 2026.

27. **2611090 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr.50.000 til Gígju Daggar Arnarsdóttur vegna EM í hópfimleikum í Finnlandi 12. til 18. okt. 2026.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Leikskólanefnd Garðabæjar
5. fundur 2026

Miðvikudaginn 11. nóvember 2026 kl. 08:00 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Hrannar Bragi Eyjólfsson formaður, Páll Árnason aðalmaður, Eydís Sigurðardóttir aðalmaður, Inga Rós Reynisdóttir aðalmaður, Rósanna Andrésdóttir aðalmaður, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs og Hanna Halldóra Leifsdóttir leikskólafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hanna Halldóra Leifsdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2610115 - Menningardagskrá fyrir leikskólahópa**

   Kynning á menningardagskrá frestast til fyrsta fundar í janúar 2027.

2. **2604540 - Eftirlit með gæðum á máltíðum í leik- og grunnskólum.**

   Leikskólafulltrúi kynnti samning við Önnu Lind Traustadóttur og Elísu Viðarsdóttur næringarfræðinga um úttekt og ráðgjöf vegna skólamáltíða í leik- og grunnskólum Garðabæjar. Leikskólanefnd fagnar því að fagleg úttekt sé gerð á matseðlum skólanna.

3. **26102706 - Orð og sögur - samstarfsverkefni bókasafns og fræðslusviðs Garðabæjar**

   Kynning á samstarfsverkefni Bókasafns Garðabæjar og fræðslu- og frístundasviðs um styrkingu orðaforða og íslensku í leik- og grunnskólum.

4. **26102704 - Viðurkenningar í skólastarfi 2026**

   Kynning á fjórum verkefnum sem hlutu viðurkenningu sem framúrskarandi þróunarverkefni á Menntadaginn sem fram fór 30. október 2026.

5. **2605379 - Ársskýrsla/starfsáætlun leikskóla 2025-2026 Umbótaáætlun 2026-2027**

   Leikskólafulltrúi fór yfir helstu upplýsingar og niðurstöður úr starfs- og umbótaáætlunum leikskóla fyrir starfsárið 2025-2026.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar
76. fundur 2026

Þriðjudaginn 10. nóvember 2026 kl. 17:00 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Stella Stefánsdóttir formaður, Guðrún Arna Sturludóttir aðalmaður, Halldór Snær Lárusson aðalmaður, Egill Trausti Ómarsson aðalmaður, Harpa Grétarsdóttir aðalmaður, Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi og Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2611108 - Menningardagskrá fyrir skólahópa**

   Alls 4275 nemendur hafa komið í skipulagða menningardagskrá í Hönnunarsafn, Bókasafn, Minjagarð, Tónlistarskóla og á Garðatorg á árinu 2026. Einstaka viðburðir fóru fram í grunnskólum bæjarins.

2. **2611109 - Fjölskyldustundir - Menning í Garðabæ**

   Rætt um þróun og stöðu fjölskyldustunda sem fara fram fyrsta sunnudag í mánuði á Hönnunarsafni og þriðja laugardag í mánuði á Bókasafni Garðabæjar.

3. **2611111 - Styrkir til menningarstarfssemi 2026**

   Önnur umferð umræðu um styrkveitingar. Styrkir veittir alls fimm verkefnum.

4. **2611114 - Aðventuhátíð Garðabæjar 2026**

   Dagskrá Aðventuhátíðar Garðabæjar kynnt en hún fer fram með hefðbundnu sniði þar sem fjölskyldum er boðið upp á samveru, sköpun og tónlist. Dagskrá lýkur með jólaballi og leik Blásarasveitar Tónlistarskóla Garðabæjar. Norræna félagið í Garðabæ mun auk þess bjóða gestum veitingar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
16. fundur 2026

Miðvikudaginn 11. nóvember 2026 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Ásgeir Sigurður Ágústsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Agla Eir Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Einar Þór Einarsson aðalmaður, Guðjón Pétur Lýðsson áheyrnarfulltrúi, Kjartan Atli Kjartansson áheyrnarfulltrúi, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri og Hrönn Hafliðadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1803108 - Norðurnes Álftaness, deiliskipulag**

   Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Norðurness á Álftanesi sem mótuð hefur verið með hliðsjón af þeim ábendingum og umsögnum sem borist hafa í forkynningu tillögunnar sem fór fram í byrjun árs.
   Tillagan er sett fram á uppdrætti í mælikvarða 1:3000, skýringaruppdrætti í 1:3000 og greinargerð í A4 broti.
   Greinargerð samanstendur af 5 köflum; Forsendur, Deiliskipulag, Almennir skilmálar, Sérákvæði nýbygginga og Umhverfismat.
   Skipulagsráðgjafar tillögunnar eru Arkís arkitektar (Edda Kristín Einarsdóttir) og Landslagsarkitektastofan Landslag (Þráinn Hauksson). Til ráðgjafar eru Efla ehf (Elín Ríta Sveinbjörnsdóttir) vegna umfeðarmála og Verkís verkfræðistofa vegna náttúrfarsþátta (Arnór Þórir Sigfússon).

   Tillagan hlaut forkynningu samhliða tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til sama svæðis. Breytingartillögu aðalskipulags hefur nú verið vísað til auglýsingar í bæjarstjórn og hefur borist HMS til athugunar.

   Tillagan nær til Breiðabólstaðasvæðis, Eyrar, Kasthúsatjarnar og svæðisins umhverfis Eyvindarholt, Stekk, Asparvík og Tjörn, allt að landamörkum við Bessastaði og Akurgerði. Innan deiliskipulagsvæðis er nyrðri helmingur Bessastaðatjarnar, Kasthúsatjörn og Breiðabólstaðatjörn.

   Skipulagssvæðið er um 124 hektarar að flatarmáli. Stærstur hluti þess er í einkaeigu.

   Ýmsar breytingar hafa verið gerðar frá forkynntri tillögu og eru þær helstar:
   - Íbúðareiningum hefur verið fækkað að lágmarki um 20
   - Rað- og parhús verða á einni hæð í stað tveggja og grunnflötur þeirra stækkar.
   - Heimilt er byggja einbýli á parhúsalóðum sem snúa að Bessastaðatjörn.
   - Hámarks mænishæð einbýlishúsa lækkar.
   - Parhús vestan Blikastígs verða einnar hæðar án rishæðar. Þök skulu vera lögð torfi.
   - Parhús á suðurjaðri svæðis verða 1 hæð í stað tveggja.
   - Aðkomu að parhúsagötu vestan Blikastígs breytt og nú gert ráð fyrir hringtorgi.
   - Fyrirkomulagi bílastæða við Hlöðuna breytt til aðlögunar að því sem til staðar er.
   - Staðsetning golfskála breytist, verður austan gatnamóta Norðurnesvegar og Jörfavegar í stað staðsetningar norðaustan Eyvindarholts.

- Ekki er lengur gert ráð fyrir stækkunarmöguleika gistihúss á Eyvindarholti 1 til suðurs inn á land Eyvindarholts 2.

Framlögð tillaga gerir ráð fyrir eftirfarandi:
- Íbúðarbyggð verður á Breiðabólstaðasvæði sem gerir alls ráð fyrir að hámarki 137 íbúðareiningum í sérbýli. (54 einbýlishúseiningar, 51 raðhúseining og 32 parhúseiningar). Á Norðurnesi og við Bessataðatjörn eru alls 38 einbýlishús fyrir og verður samanlagður fjöldi því að hámarki 175 húseiningar.
- Golfvöllur verður norðan og vestan Bessastaðatjarnar og vestan Jörfavegar. Gert verður ráð fyrir 9 holu velli og æfingasvæði en golfvöllurinn verður hannaður í kjölfar staðfestingar deiliskipulags innan þess svæðis sem skilgreint er sem golfvallarsvæði í deiliskipulaginu.
- Lóðir fyrir tvö einnar hæðar einbýlishús bætast við hjá Asparvík og Tjörn.
- Lóð fyrir hverfisstöð þjónustumiðstöðvar Garðabæjar verður skilgreind þar sem áhaldahús er fyrir.
- Gert er ráð fyrir landfyllingum og sjóvörnum norðan Blikastígs til að verja núverandi byggð fyrir ágangi sjávar og auka rými vegna útivistarstíga og reiðstíga sem gert er ráð fyrir að verði á milli íbúðarhúsabyggðar og sjóvarnargarðs.
- Gert er ráð fyrir stígakerfi með stofnstígum, útivistarstígum og reiðstígum.
- Gert er ráð fyrir lítilli aðstöðuhöfn nyrst og austast á Eyri ásamt dælustöð vegna fyrirhugaðrar Skerjafjarðarfráveitu.
- Gert er ráð fyrir manngerðum hólmum í Bessastaðatjörn undan tjarnarbakka að norðanverðu til stuðnings fuglalífi.
- Gert er ráð fyrir að mynda tjarnir nyrst á Eyri til stuðnings fuglalífi.
- Gert er ráð fyrir leiksvæðum inni í byggð eða við jaðar hennar.
- Gert er ráð fyrir aðalaðkomuvegi að byggð á Norðurnesi um Jörfaveg, sem liggur frá Norðurnesvegi að mestu í legu núverandi vegar.
- Gert er ráð fyrir einum aðkomuvegi að Stekk, Tjörn, Asparvík og Eyvindarholti 1, frá Norðurnesvegi.

Umsögn Vegagerðarinnar, (sem fer með siglinga-og hafnarmál, þ.m.t. varnir gegn sjávarflóðum og landbroti) dags. 12. febrúar 2026 liggur fyrir og þar kemur fram að lágmarksgólfkóti Aðaskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem er 5,2 mys uppfyllir viðmið Vegagerðarinnar sem miðar við 5,15 mys.

Skipulagsnefnd vísar tillögu deiliskipulags Norðurness til auglýsingar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan skal auglýst samhliða tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til sama svæðis.

2. 2111064 - Breyting á vaxtarmörkum svæðisskipulags í landi Garðabæjar. Aðal- og svæðisskipulagsbreyting.

Formaður skipulagsnefndar og skipulagsstjóri gerðu nefndinni grein fyrir stöðu málsins og innihaldi tillagna að verkefnalýsingu fyrir svæðisskipulagsbreytingu og aðalskipulagsbreytingu.

3. 1710244 - Gálgahraun, deiliskipulag friðlands.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Gálgahrauns og Garðahrauns neðra að lokinni auglýsingu ásamt tillögum að svörum við athugasemdum.
Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði.

4. 2604413 - Hraunhólar - Lynghólar - samgöngustígur - Deiliskipulag

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Hraunsholts eystra sem gerir ráð fyrir því að stígur sem liggur um Lynghóla úr vestri að húsi nr. 13 og þar yfir í Hraunhóla til austurs verði felldur niður sem stofnstígur og verði almennur stígur. Er það gert til samræmis við gildandi aðalskipulag og tillögu að breytingu aðalskipulags sem nær til stígakerfis.
Skipulagsnefnd vísar breytingartillögunni til auglýsingar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

5. 2611107 - Bæjargarður, dsk br, stofnstígur

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Bæjargarðs Garðabæjar sem gerir ráð fyrir stofnstíg frá stofnstíg þeim sem liggur úr Molduhrauni að Garðfit til vesturs að fyrirhugaðri framlengingu Álftanesvegar við bæjarmörk að Hafnarfirði (hjá Fjarðarkaupum). Er það gert til samræmis við gildandi aðalskipulag og tillögu að breytingu aðalskipulags sem nær til stígakerfis.
Skipulagsnefnd vísar breytingartillögunni til auglýsingar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

6. 2406836 - Miðbær, svæði I og II, Garðatorg 1, deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Miðbæjar ásamt minnisblaði frá Eflu um hugsanleg viðbrögð við athugasemdum. Elín Ríta Sveinbjörnsdóttir skipulags-og tæknifræðingur gerði grein fyrir innihaldi minnisblaðs Eflu. Vísað til skoðunar hjá umhverfissviði og ráðgjöfum.

7. 1405080 - Móar, endurskoðað deiliskipulag

Lögð fram tillaga að endurskoðuðu deiliskipulagi Móa ásamt minnisblaði frá Eflu um hugsanleg viðbrögð við athugasemdum. Elín Ríta Sveinbjörnsdóttir skipulags-og tæknifræðingur gerði grein fyrir innihaldi minnisblaðs Eflu. Vísað til skoðunar hjá umhverfissviði og ráðgjöfum.

8. 2606595 - Bæjargil 106 -116 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn íbúa við Bæjargil 106-116 ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Vísað til skoðunar hjá umhverfissviði.

9. 2604236 - Græn svæði háholt Hnoðraholts - Hönnun

Þráinn Hauksson landslagsarkitekt gerði grein fyrir drögum að útfærslu opins svæðis efst á Hnoðraholti og milli byggðar í Þorraholti og núverandi byggðar í Hnoðraholti.
Vísað til frekari úrvinnslu hjá umhverfissviði og ráðgjöfum.

10. 2510094 - Vetrarmýri - Dsk.br. - Skólalóð

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi skólalóðar í Vetrarmýri austan Miðgarðs.
Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og ráðgjöfum.

11. 2609643 - Spítalavegur 15 - Breyting á lóðamörkum

Lögð fram tillaga að breyttum lóðarmörkum lóðarinnar Spítalavegur 15 að Vífilsstöðum sem er sett fram á mæliblaði. Á þeirri lóð stendur tvílyft hús, byggt 1972 sem hefur verið nýtt undanfarin ár af grunnskóla Hjallastefnunnar. Vegna hönnunar Vífilsstaðavegar sem nú verður endurnýjaður er nauðsynlegt að skerða lóðina á tveimur stöðum sem nemur 313,5 m2 annarsvegar í norðausturhorni og 78,6 m2 hinsvegar í norðvesturhorni.
Deiliskipulag er ekki í gildi á Vífilsstöðum en breytingartillagan er í samræmi við rammahluta

Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Vífilsstaðalands.
Skipulagsnefnd samþykkir breytt lóðarmörk í samræmi við 1. mgr. 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

12. 2610086 - Brekkugata 8 - stækkun lóðar - fyrirspurn til umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn um mögulega stækkun lóðarinnar Brekkugata 8 á kostnað græns svæðis ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar.
Með vísan í umsögn er svar skipulagsnefndar neikvætt.

13. 2611117 - Miðstöð um öryggisráðstafanir á Hólmsheiði: Skilgreining samfélagsþjónustu (S63) - USK26100141

Lögð fram lýsing á skipulagsgerð vegna Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 sem nær til svæðis fyrir samfélagsþjónustu á Hólmsheiði.
Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við framlagða lýsingu.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
4. fundur 2026

Miðvikudaginn 4. nóvember 2026 kl. 08:15 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar Í Urriðaholtsskóla.

Fundinn sátu: Margrét Bjarnadóttir formaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Harpa Rós Gísladóttir aðalmaður, Guðjón Þór Þorsteinsson aðalmaður, Rakel Margrét Viggósdóttir aðalmaður, Finnur Jónsson áheyrnarfulltrúi, Hjördís Guðný Guðmundsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Þorgerður Anna Arnardóttir fulltrúi skólastjóra, Hannes Ingi Geirsson fulltrúi kennara, Guðbjörg Birna Björnsdóttir fulltrúi foreldra, Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi og Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **26102704 - Viðurkenningar í skólastarfi 2026**

   Menntadagur Garðabæjar var haldinn hátíðlegur föstudaginn 30. október 2026. Á deginum komu saman rúmlega 550 starfsmenn leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva í bænum.

   Við það tilefni voru veittar viðurkenningar fyrir framúrskarandi þróunar- og umbótaverkefni í skólastarfi. Alls voru sex verkefni valin til viðurkenningar, þrjú frá leikskólastigi og þrjú frá grunnskólastigi. Verkefnin sýna fram á fagmennsku, nýsköpun og metnað starfsfólks til að efla nám, vellíðan og þátttöku barna og ungmenna.

   Eftirfarandi verkefni hlutu viðurkenningu:

   Leikskólastig

   Leikskólinn Akrar - íþróttakennsla.
   Leikskólinn Urriðaból við Holtsveg og við Kauptún - Leiðsögn og málörvun
   Leikskólinn Hæðarból. Leggjum við hlustir ? börn hafa rödd ?

   Grunnskólastig

   Sjálandsskóli - Hjólað á skólatíma.
   Álftanesskóli í samstarfi við leikskólana Holtakot og Krakkakot - Brúum bilið
   Flataskóli - Stólaverkefnið

   Skólanefnd óskar öllum viðurkenningarhöfum og þeim sem komu að verkefnunum innilega til hamingju með árangurinn og þakkar jafnframt öllu starfsfólki skólasamfélagsins fyrir öflugt og metnaðarfullt starf í þágu barna og ungmenna í Garðabæ.

2. **26102706 - Orð og sögur - samstarfsverkefni bókasafns og fræðslusviðs Garðabæjar**

   Kynnt var verkefnið „Orð og sögur“, samstarfsverkefni Bókasafns Garðabæjar og fræðslu- og frístundasviðs Garðabæjar og leik- og grunnskóla í bænum. Verkefnið nær til allra nemenda í 4.-8. bekk grunnskóla bæjarins og miðar að því að efla orðaforða, lesskilning, lestrargleði og

skapandi ritun. Nemendur vinna sögur út frá íslenskum námsorðaforða og taka þátt í ritunarkeppni. Verkefnið hefst á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember og stendur til 20 nóvember.

3. **2608434 - Viðmið um skólasókn í grunnskólum Garðabæjar**

   Lagt var fram nýútgefið kynningarefni frá mennta- og barnamálaráðuneytinu um sameiginleg viðmið um skólasókn undir yfirskriftinni „Hver dagur skiptir máli". Um er að ræða verklag sem byggir á snemmtæku inngripi, markvissri eftirfylgni og samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að styðja við reglulega skólasókn og bregðast snemma við, þegar auknar fjarvistir koma fram. Áhersla er lögð á að leita leiða til að tryggja að nemendur mæti í skóla og njóti þar farsæls náms og þátttöku.

4. **26102705 - Forvarnarvikan í Garðabæ 2026**

   Forvarnarvika í Garðabæ verður haldin dagana 4.- 11. nóvember. Vikan hefst með fræðslufundi fyrir foreldra barna í Garðabæ, þar sem fjallað verður um mikilvægi tengsla og farsældar barna og ungmenna.

   Leik- og grunnskólar Garðabæjar taka virkan þátt í forvarnarvikunni og verða með fjölbreytta dagskrá sem miðar að því að efla vellíðan, seiglu, félagsfærni og jákvætt skólasamfélag hjá börnum og ungmennum.

5. **26102703 - Menningarviðburðir í grunn- og leikskólum 2026-2027**

   Ólöf Breiðfjörð menningarfulltrúi Garðabæjar, sagði frá menningarviðburðum sem nemendum í skólum bæjarins verður boðið upp á, skólaárið 2026-2027. Skólanefnd lýsir ánægju sinni með metnaðarfulla dagskrá.

6. **2610035 - Þróunarsjóður grunnskóla 2027**

   Rætt var um áhersluþætti vegna úthlutunar úr Þróunarsjóði grunnskóla 2027.

7. **2405016 - Kynning og samtal við stjórnendur Urriðaholtsskóla**

   Skólanefnd lýsir ánægju sinni með að kynnast skólanum og skólastarfinu með þessum hætti. Jafnframt var kynntur nýr og síðasti áfangi uppbyggingar skólans, sem felur í sér stækkun á skólahúsnæðinu og nýju íþróttahúsi. Skólanefnd fagnar þeim mikilvægu framkvæmdum sem munu styrkja aðstöðu nemenda og starfsfólks enn frekar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Umhverfisnefnd Garðabæjar
5 (26-30). fundur 2026

Miðvikudaginn 11. nóvember 2026 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Jón Þór Eggertsson formaður, Laufey Jóhannsdóttir aðalmaður, Ingibjörg Loftsdóttir aðalmaður, Eiríkur Þorbjörnsson aðalmaður, Anna Gréta Hafsteinsdóttir aðalmaður, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Linda Björk Jóhannsdóttir verkefnastjóri og Egill Daði Gíslason deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Linda Björk Jóhannsdóttir, verkefnastjóri umhverfismála.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2406792 - Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vífilsstaðavatn.**

   Fulltrúar Náttúruverndarstofnunar kynntu drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðland Vífilsstaðavatns og nágrennis. Umhverfisnefnd vísar gögnunum til nánari rýni á umhverfissviði.

   Gestir

   René Biasone, svæðissérfræðingur Náttúruverndarstofnunar -

   Ásta Leifsdóttir, landvörður Garðabæjar -

   Ármann Guðmundsson, sérfræðingur Náttúruverndarstofnunar -

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Öldungaráð
4. fundur 2026

Fimmtudaginn 12. nóvember 2026 kl. 08:30 kom öldungaráð saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Berglind Víðisdóttir formaður, Eysteinn Haraldsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Laufey Jóhannsdóttir, Helgi Halldórsson, Inga Jóna Óskarsdóttir, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu og Sólveig Valgeirsdóttir forstöðumaður félagsmiðstöðva eldri borgara.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2611128 - Kynning frá haustfundi 2026, Gott að eldast.**

   Hallgrímur Arnarsson frá KMPG kynnti erindi sitt frá Haustfundi 2026, Gott að eldast, "Hvað vitum við nú ? tölulegar upplýsingar.

2. **2610179 - Aðgerðaráætlun Gott að eldast 2023-2027**

   Umræður um aðgerðaráætlun Gott að eldast 2023-2027 tengt þróunarverkefni um samþætta heimaþjónusta og heimahjúkrun. Garðabær hefur áhuga á að taka þátt í samþættingarverkefninu sem m.a. er vísað til í aðgerðaráætlun og stefnu í málefnum eldra fólks í Garðabæ.

3. **2511302 - Stuðnings- og öldrunarþjónusta - tölulegar upplýsingar**

   Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu fór yfir tölulegar upplýsingar í stuðnings- og öldrunarþjónustu á velferðarsviði.

4. **2611127 - Aðgerðaráætlun um þjónustu við einstaklinga með heilabilun 2026-2030**

   Aðgerðaráætlun um þjónustu við einstaklinga með heilabilun 2026-2030 lögð fram til kynningar og umræðu.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

636. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 2. nóvember 2026
og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:
Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Jóhanna Hreinsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hilmar Gunnarsson, Þórður Þórarinsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Dagskrá:

1. **SSH Fjárhagsáætlun - 1910010**

Fyrirliggjandi eru drög að starfs- og fjárhagsáætlun SSH vegna ársins 2027 en þau verða lögð fram til samþykktar á aðalfundi SSH 13. nóvember nk. Framkvæmdastjóri kynnir.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti fyrirliggjandi drög að fjárhags- og starfsáætlun ársins 2027 sem verða lögð fram til samþykktar á aðalfundi SSH 13. nóvember nk.

2. **Fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum o.fl. - 2311003**

Til samræmis við umræður á 631. fundi stjórnar var komið á fót starfshóp til að greina eftirstæð verkefni sveitarfélaganna á sviði heilbrigðiseftirlits í kjölfar setningar laga nr. 82/2026 og 85/2026 og fýsileika þess að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu stofni til samstarfs um þau verkefni. Skýrsla um greiningu hópsins liggur nú fyrir. Bryndís Skúladóttir, Guðbjörg Brá Gísladóttir og Guðmundur Benedikt Friðriksson kynna.

Gestir

Guðmundur B. Friðriksson, skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða hjá Reykjavíkurborg.

Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs Garðabæjar.

Bryndís Skúladóttir VSÓ Ráðgjöf.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Umræður. Fallist er á tillögur starfshópsins að næstu skrefum. Starfshópurinn starfi áfram og fylgist með þróun mála hvað varðar innleiðingu lagannna og þróun á verkefnum sveitarfélaganna. Þá verði skýrsla hans og tillögur kynnt á sérstökum örfundi fyrir kjörna fulltrúa föstudaginn 6. nóvember nk.

3. Forkönnun á sameiginlegum innkaupavef sveitarfél. innan SSH - Sóknaráætlun 2024-2026 - 2404005

Umfjöllun um stöðu mála og mótun tillagna að næstu skrefum varðandi þróun sameiginlegs innkaupavefs sveitarféalaga á höfuðborgarsvæðinu en um er að ræða eitt áhersluverkefna sóknaráætlunar.
Einar Bjarki Leifsson og Sigurður Guðjón Jónsson kynna.

Gestir

Einar Bjarki Leifsson ráðgjafi COWI

Sigurður Guðjón Jónsson ráðgjafi COWI

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Verkefnið verði unnið áfram til samræmis við fyrirliggjandi tillögur, þannig að unnin verði þarfagreining og tæknilýsing í samstarfi við samráðshóp verkefnisins.

4. Almenningssamgöngur - þjónustusamningur og fjárhagsáætlun - 2608003

Framhald umræðu frá 635. fundi. Starfs- og fjárhagsáætlun Almenningssamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. (ASHB ohf.), en hún hefur nú verið send sveitarfélögunum og innviðaráðuneytinu f.h. ríkisins til afgreiðslu til samræmis við gr. 4.2 í þjónustusamningi aðila. Á 56. eigendafundi Strætó bs. var framkvæmdastjóra SSH falið að greina frekar ákveðna þætti áætlunar félagsins til samræmis við umræður fundarins og í kjölfarið yrði málið tekið fyrir að nýju á vettvangi stjórnar SSH. Framkvæmdastjóri kynnir stöðu mála.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

5. Skíðasvæðin -Rekstur - 2205009

Fyrirliggjandi er tillaga að fjárhagsáætlun Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, fyrir árið 2027 auk gjaldskrár fyrir komandi ár, sem hafa verið samþykktar af hálfu samstarfsnefnar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins sbr. fyrirliggjandi fundargerð 442. fundar nefndarinnar dags. 20. október 2026.

Þá er fyrirliggjandi til kynningar níu mánaða uppgjör vegna reksturs skíðasvæðanna í janúar til september 2026.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Eigendavettvangur skíðasvæðanna staðfestir fjárhagsáætlun skíðasvæðanna fyrir sitt leyti og er henni vísað til umræðu og afgreiðslu á vettvangi aðildarsveitarfélaganna.

6. Sóknaráætlun 2025-2029 - 2312007

Umræður um undirbúning sóknaráætlunarverkefna á árinu 2027. Lagt er til að fundur með samráðsvettvangi sóknaráætlunar verði haldinn um miðjan desember.

Niðurstaða:

Samþykkt. Framkvæmdastjóra er falið að annast undirbúning og boðun

fundarins, fyrir áramót.

7. Aðalfundur SSH 2026 - 2608001

Aðalfundur SSH og SHS verður haldinn föstudaginn 13. nóvember nk. í Friðrikssal Bókasafns Hafnarfjarðar. Umræður um undirbúning og dagskrá fundarins.

Niðurstaða:

Umræður.

8. Loftslagsborgarsamningur Reykjavíkurborgar - 2409017

Loftslagsborgarsamningur sem felur í sér skuldbindingu Reykjavíkur, og þátttakenda í verkefninu, til að móta aðgerðir sem draga mælanlega úr losun gróðuhúsalofttegunda og slyðja við loftslagsmarkmið Reykjavíkurborgar um að verða kolefnishlutlaus árið 2030 var undirritaður, m.a. af hálfu SSH 7. október 2024.

Fyrirliggjandi til kynningar er "Briefing note for the Icelandic Association of Local Authorities", dags. 29. september 2026 og minnisblað Hrannar Hrafnsdóttur, umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar dags. 30. október 2026.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

9. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 149. fundar svæðisskipulagsnefndar dags. 16. október 2026.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

10. Önnur mál - 2110011

SSH hefur verið boðið að taka þátt í útboðsþingi Samtaka iðnaðarins sem fer fram 29. janúar 2027, en SSH hafa undanfarin ár tekið þátt og kynnt fyrirhugaðar framkvæmdir á vegum aðildarsveitarfélaganna að Reykjavík undanskilinni.

Umræða um stöðu mála er varðar akstursþjónustu Pant.

Niðurstaða:

Umræður.

Stjórn samþykkir þátttöku SSH á útboðsþingi Samtaka iðnaðarins.

Áfram verði unnið að verkefnum akstursþjónustu Pant til samræmis við bókun 632. fundar stjórnar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:10.

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2026, miðvikudaginn 28. október var haldinn 443. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn með rafrænum hætti og hófst kl. 11:14
Mættir: Þorvaldur Daníelsson Reykjavík, Andri Steinn Hilmarsson Kópavogi, Kristín Thoroddsen Hafnarfirði, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir Garðabæ, Magnús Benediktsson Seltjarnarnesi og Valdimar Birgisson Mosfellsbæ.
Jafnframt: Magnús Árnason, Atli Steinn Árnason og Fany Larota Catunta sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Formaður samstarfsnefndar skíðasvæðanna leggur fram svohljóðandi tillögu:

> Lagt er til að samþykkt verði að ráðast í fyrsta áfanga snjóframleiðslukerfis á suðursvæði Bláfjalla árið 2027 að fjárhæð 253 m.kr. Framkvæmdin er bæði nauðsynleg innviðafjárfesting og mikilvægt öryggisverkefni sem mun draga úr álagi á fjölsóttustu svæði skíðasvæðisins, bæta aðstöðu skíðadeilda og auka öryggi allra notenda.
> Framkvæmdin verði fjármögnuð af eigendasveitarfélögum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins samkvæmt gildandi kostnaðarskiptingu.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Jafnframt er lagt fram bréf Skíðaráðs Reykjavíkur dags. 25. október 2026 um fjárfestingar í þágu öryggis iðkenda á skíðasvæðunum.

Hafnað

Samstarfsnefnd skíðsvæðanna leggur fram svohljóðandi bókun:

> Samstarfsnefndin vísar til bókunar stjórnar SSH frá 19. október 2026 um að ekki verði ráðist í framkvæmdir á skíðasvæðunum á árinu 2027 og sýnir því skilning í ljósi þröngrar fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Nefndin telur að snjóframleiðsla á æfingasvæðinu myndi auka öryggi skíðaiðkenda og fjölga æfingatímum verulega. Því verði þessi leið greind ásamt öðrum tillögum við mótun verkfyrirkomulags á skíðasvæðum Höfuðborgarsvæðisins og liggi niðurstaða fyrir eigi síðar en í maí 2027 eins og segir í bókun stjórnar SSH.
> Samstarfsnefndin áréttar að öryggi skíðaiðkenda skuli ávallt vera í fyrirrúmi og telur brýnt að öryggisnetum við æfingasvæði verði komið upp sem allra fyrst. Jafnframt verði aðrar nauðsynlegar öryggisráðstafanir gerðar eftir því sem við verður komið, svo sem með kaupum á flöggum, keilum eða öðrum búnaði. Nefndin biðlar til rekstraraðila að skýra í samráði við skíðafélögin hver beri ábyrgð á uppsetningu og frágangi öryggisbúnaðar fyrir og eftir æfingar. Þá hvetur nefndin til þess að æfingar fari eftir fremsta megni fram utan hefðbundins opnunartíma svæðanna.

Fundi slitið kl. 11:49

Þorvaldur Daníelsson

Andri Steinn Hilmarsson
Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir
Valdimar Birgisson

Kristín Thoroddsen
Magnús Benediktsson

Fundargerð

**285. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu slökkviliðsstjóra, Skógarhlíð 14,
föstudaginn 16. október 2026, kl. 08:00.**

Fundinn sátu:
Hildur Björnsdóttir, Þórður Þórarinsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Almar Guðmundsson, Hilmar Gunnarsson, Þór Sigurgeirsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Björn Jóhannesson, Birgir Finnsson, Aldís Rún Lárusdóttir og Lovísa Þóra Gunnarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Lovísa Þóra Gunnarsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu.

1. **Ný slökkvistöð við Tónahvarf - 2603005**
   Til upplýsinga og umræðna. Páll Björgvin framkvæmdastjóri SSH mun koma inn á fundinn.

   Niðurstaða

   Áframhaldandi undirbúningsvinna við Tónahvarf og stefnt að opnun seinnihluta árs 2030.

   Fylgiskjöl

   SHS 285 1.1. Tónahvarf 2-4. Minnisblað Kópavogs um stöðu mála.pdf

2. **Sameiginlegur aðalfundur SHS og SSH 13. nóv 2026 - 2610001**
   Upplýsingar um sameiginlegan aðalfund SHS og SSH 13. nóv. 2026.

3. **Önnur mál 2026 - 2601007**
   Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 09:30.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

429. fundur

fimmtudaginn 5. nóvember 2026 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 08:00.

Mætt voru:
Guðmundur Jóhann Jónsson, Kristín M. Thoroddsen, Guðný María Jóhannsdóttir, , Birkir Guðlaugsson, Elísabet I. Einarsdóttir. Gylfi Þór Þorsteinsson boðaði forföll á fundinn. Stjórnarformaður mun gera honum grein fyrir því sem fram fór á fundinum símleiðis að honum loknum.

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) og Sigurborg Þórarinsdóttir sem ritaði fundargerð

Tekið fyrir:

1. Árshlutauppgjör janúar til september 2026.
2. Fjárhagsáætlun 2027.
3. Eignamat.
4. Minnisblað frá SSH og ríkinu.
5. Frá endurskoðunarnefnd Strætó

1. Árshlutauppgjör janúar til september 2026

Einar Örn Sigurjónsson löggildur endurskoðandi frá Grant Thorton fór yfir níu mánaða uppgjör Strætó ásamt sjóðstreymi næstu mánaða. Tekjur af farþegum eru umfram áætlun og aðrar tekjur eru verulega umfram áætlun vegna styrkja frá Orkusjóði vegna kaupa á rafvögnum. Umræður um reikningsskil í ljósi stöðu Strætó. Fyrir liggur að gera þarf nákvæmt uppgjör vegna umsýslu Strætó fyrir ASHB þ.a. afkoma hluta ASHB og Strætó liggi ljós fyrir. Framkvæmdastjóra falið að hefja vinnu við það og fá þá aðstoð sem til þarf.

2. Fjárhagsáætlun Strætó

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að fjárhagsáætlun ásamt greinargerð. Stjórn samþykkti fjárhagsáætlunina með fyrirvara um að vinna sem er framundan við sundurliðun kostnaðar í rekstri til að ná hreinni aðgreiningu í rekstri Strætó annarsvegar og ASHB hinsvegar, leiði til að gera þurfi breytingar á áætlun Strætó, þá verði endurskoðuð áætlun lögð fyrir stjórn Stjórn felur framkvæmdastjóra að senda áætlun á eigendasveitarfélög og boða til eigendafundar um fjárhagsáætlun.

3. Eignamat

Fyrir fundinum lá tillaga að eignarmati frá stjórn ASHB. Stjórn óskaði eftir að framkvæmdastjóri og varaformaður stjórnar og eftir þörfum endurskoðanda boði til fundar með ASHB og fari yfir sjónarmið stjórnar Strætó og fái umboð til að klára málið í samræmi við umræður á fundinum.

4. Minnisblað frá SSH og Innviðaráðaneytinu.

Framkvæmdastjóri lagið fram minnisblað frá SSH og Innviðaráðaneytinu dagsettu 30. október 2026. Stjórn fól framkvæmdastjóra að hefja vinnu við ítarlega áhættugreiningu á rekstri Strætó samber annar punktur í minnisblaðinu. Stuðst verði við áhættustýringarskjöl sem liggja fyrir hjá Strætó en gert ráð fyrir að ráðgjafi komi að vinnunni á síðari stigum.

5. Endurskoðunarnefnd

Framkvæmdastjóri lagið fram bréf frá endurskoðunarnefnd Strætó dagsett 3. nóvember 2026

Fundi slitið kl. 09:10

Guðmundur Jóhann Jónsson	Guðný María Jóhannsdóttir
Kristín M. Thoroddsen	Birkir Guðlaugsson.
Elísabet I. Einarsdóttir	